

Nr. 36.
2.
nóvbr.

L ö g

um lögreglusamþykkt fyrir Hvanneyrarhrepp.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir Hvanneyrarhrepp eða nokkurn hluta hans, má gera lögreglusamþykkt. Semur hreppsnefnd frumvarp til samþyktarinnar, og sendir stjórnarráðinu, er staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur stjórnarráðið þá málið af nýju fyrir hreppsnefndina með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera, til þess að frumvarpið verði staðfest.

2. gr.

Samþykktin staðfest skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Fyrir brot gegn samþyktinni, má ákveða í henni sektir, er renni í sveitarsjóð.

4. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.